

Alþingi
Erindi nr. P 127/2245
komudagur 7.6.2002

Til heilbrigðis og tryggingarnefndar Alþingis

Reykjavík, 3. júní 2002

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um “Lýðheilsustöð”.

Efni frumvarps þessa var kynnt og rætt á fundi framkvæmdastjórnar LEB 30. maí s.l.

Stjórnarfólki sýndist hér um nokkurt stórmál að ræða og ef frumvarpið yrði að lögum myndi áhrifa þeirra laga gæta allvíða enda málaflokkurinn víðfeðmur.

Það má ætla að yfirstjórn og samhæfing ýmissa rannsókna og forvarnaverkefna yrði skilvirkari með þeim hætti sem í frumvarpinu er lagt til, en hinsvegar ekki ólíklegt að til lengri tíma litið myndi þarna verða um nokkurt bákn að ræða sem yrði mannfrekt og kostnaðarsamt.

Það var ofarlega í hugum og ræðum stjórnarmanna LEB að þó þarna væri að öllum líkindum um nokkuð gott stjórnunarlegt mál að ræða þá sýndist þeim að annað væri brýnna. T.d. eins og nú er háttað að því er varðar þjónustu heilsugæslustöðva og biðlistavandamálum vegna bæklunar aðgerða, þá væri brýnna að verja þeim tugum milljóna króna sem þetta nýja stjórnskipulag myndi kosta til að grynka á þeim vandamálum.

Niðurstaða stjórnarinnar varð því sú að ekki væri ástæða til að mæla með flýtimeðferð þessa máls í gegn um Alþingi miðað við þann fjárskort sem virðist vera til eflingar daglegrar heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson